

Auglýsing

um framlög vegna fjarvinnslustöðva

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra auglýsir eftir umsóknum um framlög sem veitt eru á grundvelli stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2018-2024 vegna verkefna sem tengjast aðgerð *B.8 Fjarvinnslustöðvar*.

Um aðgerðina

Markmið aðgerðarinnar er tvíþætt. Annars vegar að koma opinberum gögnum á stafrænt form og hins vegar að fjölga atvinnutækifærum á landsbyggðinni. Ráðuneyti og stofnanir sem ráðast í slík átaksverkefni utan vinnusóknarsvæðis höfuðborgarsvæðisins geta sótt um stuðning. Heimilt er að endurgreiða allt að 80% af kostnaði við hvert verkefni.

Við mat á umsóknum verður stuðst við eftirfarandi þætti:

- Tengingu við stefnur og áherslur stjórnvalda
- Samsetningu atvinnulífs og atvinnustig á viðkomandi svæði
- Íbúaþróun
- Þróun á starfsmannafjölda stofnunar
- Önnur atriði sem skipta máli við mat á aðstæðum viðkomandi svæðis

Styrkhæfir aðilar

Ráðuneyti og stofnanir ríkisins utan vinnusóknarsvæðis höfuðborgarsvæðisins geta sótt um. Stuðst er við þá skilgreiningu að vinnusóknarsvæði höfuðborgarsvæðisins nái suður og vestur yfir Suðurnes, austur fyrir Selfoss og norður að Borgarnesi, svokallað Hvítá-Hvítá svæði.

Styrkfjárhæðir í boði

Úthlutað verður allt að 24 milljónum króna til að styrkja ráðuneyti og stofnanir til að koma opinberum gögnum á stafrænt form. Heimilt er að veita styrki til sama

verkefnis til allt að fimm ára, með fyrirvara um fjárheimildir fjárlaga hvers árs. Styrkfjárhæð getur numið allt að 80% af heildarkostnaði við hvert verkefni.

Atriði sem þurfa að koma fram í umsókn

Vísað er í reglur um úthlutun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra á framlögum sem veitt eru á grundvelli stefnumótandi byggðaáætlunar 2018-2024.

Í umsókn skal umsækjandi meðal annars lýsa með greinargóðum hætti markmiðum verkefnis sem ligga til grundvallar umsókn, áætlun um framkvæmd þess og tíma- og kostnaðaráætlun. Í umsókn þarf að koma fram nákvæm upphæð sem sótt er um. Þá skal koma fram mat á áhrifum verkefnisins. Njóti umsækjandi annarra styrkja eða framlaga vegna verkefnisins skal hann gera grein fyrir slíkum framlögum eða styrkjum.

Einungis umsóknir sem uppfylla skilyrði auglýsingar og úthlutunarskilmála verða tekna til greina.

Valnefnd, umsögn Byggðastofnunar, tímafrestur og áætlaður afgreiðslutími

Umsóknir þurfa að berast í gegnum rafrænt umsóknarform Byggðastofnunar fyrir miðnætti 25. nóvember 2019.

Þriggja manna valnefnd metur allar umsóknir að fenginni umsögn Byggðastofnunar og gerir tillögu til ráðherra um úthlutun styrkja.

Áætlað er að niðurstöður ráðherra liggi fyrir í desember 2019.

Byggðastofnun annast fyrir hönd ráðuneytisins samningsgerð við styrkþega, umsýslu með greiðslum og eftirlit með framkvæmd verkefnis.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður K. Þorgrímsdóttir, sérfræðingur hjá Byggðastofnun sigga@byggdastofnun.is